

að halda við glöggum landamerkjum jarða og til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum, verða að heimfærast upp á prestana sem umsjónarmenn og umráðamenn 9. apríl. 50  
kirkjujarðanna.

*Um 2. spurn.* Þótt það kunnir að vera nokkrum erfiðleikum bundið fyrir prestana að uppfylla ákvarðanir laganna í hinu umspurða tilliti, geta þeir ekki komið hjá að gegna þeirri almennu skyldu, er lögin leggja þeim á herðar, án tillits til þess, hvar jarðirnar liggja, enda virðist þeim ekki vera ofætlun að gefa leiguliðum sínum svo nákvæma leiðbeiningu, að ekki verði öllu meiri vandkvæði á framkvæmd laganna, þegar þannig er ástátt, sem hjer er gjört ráð fyrir, en annars.

*Um 3. spurn.* Í því tilfalli, sem hjer er um rætt, ber prestunum að skýra prófastinum frá málavöxtum, og á hann síðan að leggja undir úrlausn stiptsyfirvaldanna, hvað gjöra skuli, ef spurning er um að nokkuð gangi undan kirkjueigninni.

*Um 4. spurn.* Úrlausn þessarar spurningar heyrir undir dómstólana, en meðan slík úrlausn ekki er fengin, má álitast óhultara að kæra hin hjer um ræddu mál fyrir sættanefnd, eptir hinum almennu reglum um einkamál.

*Um 5. spurn.* Reglurnar í lögum um gjafsóknir 12. júlí 1878 virðast einnig eiga að heimfærast upp á landamerkjumál.

*Um 6. spurn.* Prestarnir, sem eru usufructuarii kirkjueignanna, virðast ekki eiga heimtingu á að fá neina borgun fyrir að gegna þeirri skyldu, er þeim er lögð á herðar í 1. grein landamerkjumlaganna.

**Brjef landshöfðingja til forstöðunefndar sparisjóðs Álptanesshrepps um hlunnindi 51**  
handar sparisjóði Álptanesshrepps. — Eptir að hafa meðtekið bónarbrjef yðar, dags. 4. 14. apríl. þ. m., hefi jeg, samkvæmt tilskipun 5. jan. 1874 um hlunnindi fyrir sparisjóði á Íslandi, veitt sparisjóði Álptanesshrepps öll hlunnindi þau, er getur um í nefndri tilskipun um 5 ára tímabil, er teljist frá 11. júní þ. á., þó með þeim skilyrðum: að ábyrgð sú, er stofnendur sjóðsins, sem eptir skýrslu gjaldkera 31. marz þ. á. eru 10 að tölu, hafa eptir 2. grein samþykktar 27. nóvbr. 1875 tekist á hendur, ekki skerðist, að ákvarðananna um reikningsskil í samþykkt sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að send sju landshöfðingja á ári hverju eptirrit af reikningum hans; svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu, er kynni að verða gjörð á samþykktinni frá 27. nóvbr. 1875, og frá því, ef skipti verða á stofnendum sjóðsins, samkvæmt 2. og 3. grein samþykktarinnar.

Þetta er yður hjer með tjáð sem formanni í forstöðunefnd ofangreinds sparisjóðs.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um fæðing- 52**  
arhrepp þurfalings. — Hreppsnefndin í Vindhælishreppi hefir áfrýjað hingað úrskurði, 18. apríl. sem þjer, herra amtmaður, hafið fellt 21. júní f. á., en eptir honum ber nefndum hreppi að endurgjalda fátækra sjóði Akureyrarkaupstaðar 118 kr. 52 a., sem tjeður sjóður hefir til bráðabirgða greitt fyrir sjúkdómslegu stúlkunnar Vilhelminu Kristínar Sigurðardóttur á Akureyri vorið 1879.

Vilhelminu þessi er óskilgetin dóttir Ólafar Jónsdóttur og fædd á Hjaltabakka í Torfalækjarhreppi 29. júní 1854. Var Ólöf móðir hennar vinnuhjú á Skagaströnd í Vindhælishreppi vistarárið 1853—54, og ef til vill vistráðin á sama stað til næsta hjúarárs, en þegar það kom fram, að hún var þunguð, var hún látin fara úr vist sinni nokkru fyrir krossmessu vorið 1854 og vistarráðunum fyrir 1854—55 þá um leið ript-

52 að. Dvaldi hún síðan nokkra hríð hjá jómfú Vilhelminu Örum á Höfðahólum í sama hreppi, þangað til barnsaðir hennar strax eptir krossmessu kom henni fyrir á Hjaltabakka, og þar fæddist Vilhelmina sú, sem þjer ræðir um. Var Ólöf síðan á Hjaltabakka um sumarið og gekk þar að heyvinnu eptir að hún hafði alið barnið, en um haustið, í október, var það, að jómfú Örum, sem um vorid hafði flutt alfarin úr sýslunni til Reykjarfjarðarkaupstaðar, en var komin aptur að Höfðahólum þetta sama haust, gjörði það fyrir tilmæli hennar, af því að hún kunnir ekki við sig á Hjaltabakka, að taka hana til sín og lofa henni að dvelja hjá sjer það sem eptir var vistarársins.

Eptir framansagðri sögu málsins, sem styðst við eiðfestan framburð jómfú Örum, sem að ofan er nefnd, eru úrslit þess undir því komin, hvort Ólöf móðir Vilhelminu hefir átt fast löglegt heimili á Hjaltabakka þegar hún átti barnið, eða dvöl hennar þar að eins hefir verið slík bráðabirgðadvöl, sem getur um í 7. gr. fátækraereglugjörðar 8. jan. 1834 sem skilyrði fyrir því, að bústaður móðurinnar næst fyrir fæðinguna komi til álitu þegar ákveða skal fæðingarsveitina, og verð jeg því að álita, að eins og það er víst, að Ólöf eigi getur talizt að hafa átt heimili í Vindhælishreppi eptir að hún var alfarin þaðan til Hjaltabakka, og það jafnvel þó húsbóndi hennar eigi hefði haft rjett til að vísa henni úr vistinni, og hvort sem hún upphaflega einnig var vistráðin fyrir 1854—55 eða ekki, eins get jeg ekki sjeð að það sje framkomið í þessu máli er nægilega sýni að dvöl hennar á Hjaltabakka hafi verið þess konar bráðabirgðadvöl sem að ofan er um getið. Í kirkjubók Hjaltabakkaprestakalls er Ólöf reyndar talin «innkomin í sóknina um tíma» en bæði er það, að þetta getur verið skrifað eptir að hún var farin úr sókninni um haustið og þess vegna orðað svo með tilliti til þess, hve endaslepp dvöl hennar varð, en eigi af því að svo hafi verið ráðið frá fyrstu, enda er hún áður í sömu kirkjubók sögð «til heimilis» á Hjaltabakka og loks er það borið af ofannefndri jómfú Örum að barnsaðir Ólafar hafi sagt henni, að hann hafi komið Ólöfu fyrir á Hjaltabakka ár-langt.

Jeg get því ekki fallizt á þá niðurstöðu, sem þjer, herra amtmaður, hafið komizt að í máli þessu, en verð að vera sýslumanninum í Húnavatnssýslu samdóma um, að Torfalækjarhreppi beri að endurgjalda Akureyrarkaupstað ofangreindar 118 kr. 52 a.

Þetta tilkynnist yður hjermeð þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir þeim, er hlut eiga að máli, þeim til eptirbreytni.

53 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um fráskilun  
18. apríl að Sauðárkróks undan byggingu þjóðjarðarinnar Sauðár, m. m. — Eptir tilmælum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 31. janúar þ. á., staðfesti jeg hjermeð breytingu þá á byggingu Sauðár, er þjer hafið samþykkt 4. apríl í fyrra, en eptir henni skal hinn svo nefndi Sauðárkrókur, eða strandlengjan frá Sauðárós og allt út til Göngu-skarðsár og brekkurnar þar fyrir ofan allt upp að brún, vera undanskilin byggingu jarðarinnar Sauðár og því öll lóðargjöld, hvort heldur af verzlunarbúsum eða af öðrum húsum, sem byggð eru, eða byggð verða á Sauðárkrók, falla til landssjóðs; þó skal á-búandanum heimil lending og uppsátur, að því leyti er sjálfan hann snertir, og skal honum útmældur lóðarblettur undir sjóbúð og til fiskiverkunar, allt án sjerstaks endurgjalds, en hann skal skyldugur til að láta til fyrir borgun hagbeit fyrir hesta þeirra manna, er sækja verzlun á Sauðárkróki, og geti hann ekki komið sjer saman um borgunina við hlutaðeigendur, skal hún ákveðin af 2 óvillhólum mönnum sem sýslumaður þar til útnefnir.